




ORKUSTOFNUN  
Vatnsorkudeild

Svanur Pálsson  
Elsa G. Vilmundardóttir

## **BERGFLOKKUN OG EÐLISMASSI AURS**

**OS-83016/VOD-01**  
Reykjavík, mars 1983



**ORKUSTOFNUN**  
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

**Svanur Pálsson**  
**Elsa G. Vilmundardóttir**

## **BERGFLOKKUN OG EÐLISMASSI AURS**

**OS-83016/VOD-01**  
Reykjavík, mars 1983

## ÁGRIP

Sýni af svifaur  $>0,02$  mm frá 36 tókustöðum hafa verið greind í bergflokka. Eðlismassi hefur verið mældur á svifaur frá 30 þessara staða. Tökustaðirnir eru í ám á Norður-, Austur- og Suðurlandi, en engri á Vesturlandi. Ferskt gler er hlutfallslega algengast í ám á virku gosbeltunum eða svæðum þar sem mikið hefur fallið af gjósku á nútíma. Það er sums staðar allt að 80% svifaursins. Bergmolar eru tiltölulega algengastir í ám utan virku gosbeltanna, sérstaklega á Austurlandi.

Hlutur bergmola eykst með vaxandi kornastærð, en frumsteindum fækkar. Ferskt gler, einkum basískt, er yfirleitt hlutfallslega algengast á kornastærðarbilinu  $0,06 - 0,2$  mm.

Í Skeiðará er basískt gler algengara í Grímsvatnahlaupum en á milli hlaupa og eykst hlutfallslega, þegar líður á hlaup. Sortukorn (svart, ógegnsætt efni) eru algengari í ám, sem koma undan Mýrdalsjökli en í öðrum ám.

Eðlismassi svifaurs er víðast nálægt 2,8. Hæstur mældist hann 3,0 í Jökulsá vestari, en er nálægt 2,7 í Jökulsá í Fljótsdal, Ölfusá og Hvítá í Árnessýslu, en kemst niður í 2,4 í grófasta hluta svifaursins í Múlakvísl.

Bornir voru saman bergflokkar og eðlismassi korna á bilinu  $0,21 - 0,85$  mm í botnefni úr ósum nokkurra áa á Suðurlandi og svifaur frá sýnatökustöðum í þessum ám inni á landi. Munurinn var ekki mikill, þegar gengið var út frá meðaltölum botnefnasýnanna, en þessi samanburður er varla marktækur, því að botnefnasýnin voru örfá og oft mikill munur á bergflokki og eðlismassa einstakra sýna.

## FORMÁLI

Tilgangur bergflokkagreininga á svifaur og botnefni er að fá betri innsýn í aurburðinn sem mikilvægt náttúrufyrirbæri í sambandi við virkjanir fallvatna og aðrar breytingar á rennslisháttum þeirra.

Bergflokkagreining eykur við vitneskju manna um uppruna aurburðar, hvaðan af vatnasviðinu hann er kominn og hvernig hann er til orðinn. Einnig er þess að vænta, að nota megi bergflokkagreiningar á aur við rannsóknir á sandburði með ströndum og þátt ána í honum. Í framtíðinni verður aurburður margra áa til sjávar miklu minni en nú er vegna uppistöðulóna, og verða þá bergflokkagreiningar á aur gerðar áður en uppistöðulónin eru tekin í notkun, bakgrunnur rannsókna á umhverfisáhrifum vegna minnkandi aurburðar.

Samband er á milli eðlismassa og bergsamsetningar aurs. Það samband er mest háð hlutfallinu milli léttra, ljósra bergflokka annars vegar og þungra, dökkra hins vegar. Nauðsynlegt er að vita, hver eðlismassinn er, þar sem hann gengur inn í margar reiknijöfnur, sem notaðar eru við aurburðarrannsóknir, bæði í rannsóknastofu og við reikninga á botnskriði samkvæmt botnskriðslíkingum.

Ástand á vatnasviðum er ekki óbreytilegt. Því verður að halda áfram þessum mælingum öðru hverju á völdum stöðum. Fyrirhugað er að auka botnskriðsrannsóknir á næstunni í mörgum ám og verða bæði bergflokkagreiningar og mælingar á eðlismassa liður í þeim.

Reykjavík, 17. febrúar 1983,

Haukur Tómasson



## EFNISYFIRLIT

	Bls.
ÁGRIP.....	2
FORMÁLI (Haukur Tómasson).....	3
EFNISYFIRLIT.....	5
MYNDASKRÁ.....	5
TÖFLUSKRÁ.....	6
1 INNGANGUR.....	7
2 BERGFLOKKALÝSING.....	9
3 BERGFLOKKAR OG EÐLISMASSI SVIFAURS Á EINSTÖKUM TÖKUSTÖÐUM.....	13
4 BERGFLOKKAR OG EÐLISMASSI BOTNEFNIS ÚR ÁRÓSUM.....	39
5 NIÐURSTÖÐUR.....	43
HEIMILDASKRÁ.....	50
SKÝRINGAR Á TÁKNUM Í TÖFLUM.....	52
VIÐAUKI: TAFLA 3.....	66

## MYNDASKRÁ

1 Sýnatökustaðir.....	14
2 Bergflokkar og eðlismassi svifauris í Blöndu og Jökulsá vestari.....	15
3 Bergflokkar og eðlismassi svifauris í Jökulsá á Fjöllum og Kreppu.....	17
4 Bergflokkar og eðlismassi svifauris í Jökulsá á Dal, Jökulsá í Fljótsdal og Jökulsá í Lóni.....	19
5 Bergflokkar svifauris í Skeiðará, 3 tökustaðir.....	21
6 Ferskt gler (B+C) / basalt (E+F+G) í svifaur 0,06 - 0,1 mm í þremur Skeiðarárhlaupum.....	22
7 Bergflokkar og eðlismassi aurs í Skeiðará.....	23
8 Bergflokkar svifauris í Skeiðará, meðaltöl 46 sýna....	24
9 Skeiðará, basískt gler / súrt gler í svifaur 0,02 - 0,06 mm.....	26
10 Skeiðará, basískt gler / súrt gler í svifaur 0,06 - 0,1 mm.....	27

11	Bergflokkar og eðlismassi svifauris í Djúpa og Hverfisfljóti.....	28
12	Bergflokkar og eðlismassi svifauris í Skaftá og Ása-Eldvatni.....	30
13	Bergflokkar og eðlismassi svifauris í Hólmsá og Skálm.	31
14	Bergflokkar og eðlismassi svifauris í Múlakvísl og Jökulsá á Sólheimasandi.....	32
15	Bergflokkar og eðlismassi svifauris í Markarfljóti og Ytri-Rangá.....	34
16	Bergflokkar og eðlismassi svifauris í Þjórsá.....	35
17	Bergflokkar og eðlismassi svifauris í Tungná og Köldukvísl.....	37
18	Bergflokkar og eðlismassi svifauris í Ölfusá, Hvítá og Tungufljóti.....	38
19	Bergflokkar botnefnis úr árósum.....	40
20	Samanburður á eðlismassa svifauris og botnefnis.....	41
21	Ferskt gler (B+C) / basalt (E+F+G) í svifaur og botnefni 0,21 - 0,42 mm.....	44

#### TÖFLUSKRÁ

1	Bergflokkar og eðlismassi svifauris.....	54
2	Bergflokkar og eðlismassi botnefnis úr árósum.....	63
3	Bergflokkar og eðlismassi sýna frá ýmsum stöðum (í viðauka).....	66

## 1 INNGANGUR

Skýrsla þessi fjallar um bergflokkagreiningar og mælingar á eðlismassa aurs, sem unnið hefur verið að undanfarin ár á Aurburðarstofu Orkustofnunar. Efni til þessara athugana hefur oftast verið safnað saman úr mörgum, venjulega nokkrum tugum, svifaurssýna, sem tekin hafa verið á nokkurra ára tímabilum. Hvert svifaurssýni inniheldur venjulega svo líftinn aur, að nauðsynlegt er að safna saman aur úr mörgum sýnum til að fá nægilegt efni til bergflokkagreiningar og þó einkum til mælingar á eðlismassa. Alls hafa verið bergflokkagreind svifaurssýni frá 36 tókustöðum. Þar af hefur eðlismassi verið mældur á sýnum frá 30 stöðum. Niðurstöður þessara athugana á svifaur eru birtar í töflu 1. Einnig er í skýrslunni fjallað um hliðstæðar athuganir á sýnum af botnefni úr ósum 9 vatnsfalla á Suðurlandi. Niðurstöður þeirra athugana eru birtar í töflu 2. Töflurnar eru aftast í skýrslunni. Verkaskipting höfunda var í aðalatriðum sú, að Svanur athugaði svifaur og Elsa botnefni, en túlkun var gerð í sameiningu.

Eins og sjá má í dálki þeim í töflu 1, sem ber yfirskriftina "Tekið", eru sýnin frá mismunandi tímum. Skýringin er sú, að unnið hefur verið að þessu í ígripum í allangan tíma, meira en áratug, og byrjað að bergflokka greina og eðlismassamæla svifaur frá þeim sýnatökustöðum, sem flestum sýnum hafði þá verið safnað á, þ. e. Jökulsá á Fjöllum Grímsstöðum, Þjórsá Urriðafossi og Hvítá Iðu. Síðan hefur smám saman fengist nægilegt efni til þessara athugana frá ýmsum öðrum tókustöðum, eftir því sem tókustöðum hefur fjölgað og fleiri sýni hafa verið tekin á hverjum stað.

Þótt reglan sé sú að greina í bergflokka og mæla eðlismassa margra sýna í einu, hafa bergflokkagreiningar stundum verið gerðar á einstökum svifaurssýnum, en mælingar á eðlismassa mjög sjaldan, vegna þess hve sýnin hafa verið lítil, en miklu minna sýni þarf til bergflokkagreiningar en til mælingar á eðlismassa. Langflest þessara sýna eru úr Skeiðará og Gígjukvísl, og hafa þessar athuganir verið gerðar vegna Grímsvatnahlaupa.

Bergflokkagreiningarnar eru gerðar á þunnsneiðum í smásjá með skautuðu ljósi með 100 faldri stækkun, nema smæsti kornastærðarflokkurinn er greindur með 250 faldri stækkun,



sjá nánar í kafla 2, Bergflokkalýsing. Langflestar þunn-sneiðarnar útbjó Gunnbjörn Egilsson Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, en Benný Baldursdóttir og Guðlaugur Hermannsson gerðu hinar.

Eðlismassi var mældur á sama hátt og lýst er í "Mælingum á eðlisþyngd og poruhluta bergs" (Svanur Pálsson 1972), en þar er eðlismassi nefndur eðlisþyngd.

Athuganir þessar ná aðeins yfir grófari hluta svifaursins, niður að kornastærð 0,02 mm, en þá er kornastærðin orðin svipuð og þykkt þunnsneiðarinnar, og smærri korn er erfitt eða ógerlegt að ákvarða í þunnsneið. Reyndar er rétt að taka fram, að meiri ónákvæmni er í bergflokkagreiningu fín-asta kornastærðarflokksins, 0,02 - 0,06 mm, en annarra flokka, sérstaklega í aðgreiningu pýroxens og ólivíns. Upplýsingar um magn og kornastærð svifaurs, þar á meðal hve mikill hluti svifaurs á hverjum tókustað er stærri en 0,02 mm, koma fram í "Niðurstöðum aurburðarmælinga 1963-1981" (Haukur Tómasson o. fl. 1982).

Í töflu 3, sem er birt hér sem viðauki, eru niðurstöður bergflokkagreininga og eðlismassamælinga á sýnum af strand-efni frá Suðurströndinni og botnefni frá ýmsum stöðum. Einnig eru í þeirri töflu niðurstöður bergflokkagreininga á gjóskusýnum frá þremur eldstöðvum. Um þessar niðurstöður er ekki fjallað í skýrslunni, en þeim er komið hér á framfæri vegna þess, að þær hafa ekki verið birtar áður a. m. k. ekki í þessu formi.

Forritun vegna tölvuútskriftar á töflum í skýrslunni annað-ist Guðmundur Vigfússon, og myndir teiknaði Ingunn Sigurðardóttir.

## 2 BERGFLOKKALÝSING

Greiningarkerfi það, sem hér er byggt á, var notað á Raforkudeild, nú Vatnsorkudeild Orkustofnunar í rúman áratug, en aðalhöfundur þess er Jens Tómasson. Greiningarkerfinu er lýst í "Búðarhálsvirkjun Borhola ST-15: Setgreining" (Elsa G. Vilmundardóttir o. fl. 1979). Bergflokkalýsingin hér á eftir er tekin lítið breytt úr þeirri skýrslu. Helstu breytingar eru þær, að það, sem nefnt var svart ógegnsætt, er nú kallað sortukorn, dökkt gler, er nú nefnt basískt gler, ljóst gler er nú nefnt súrt gler og heitið sveipkristallað basalt er nú notað um það, sem áður var kallað hálfkristallað basalt. Það, sem áður var nefnt basalt og andesít, er nú til einföldunar kallað basalt, en vafalaust er þar með eitthvað af andesítkornum.

Flokkarnir eru valdir á þann veg, að greiningin geti gefið vísbendingar um uppruna þess efnis, sem árnar flytja og hvort efnið sé súrt (líparít, súrt gler) eða basískt (basalt, sveipkristallað basalt, basískt gler). Einnig á flokkunin að gefa hugmynd um ummyndunarstig efnisins. Basískt gler og súrt gler, einu nafni ferskt gler, má telja komið úr gjósku, sem fallið hefur á nútíma, og úr fersku móbergi. Basalt, sveipkristallað basalt, líparít, setberg, ummyndað gler, ummyndað basalt, kvars og ummyndunarsteindir (seólitir og analsím, kalsít, epídót og prenit) er komið úr bergi. Plagíóklas, pyroxen og ólivín, einu nafni frumsteindir, og sortukorn geta verið komin bæði úr gjósku og bergi.

Í töflum 1 - 3 eru bergflokkarnir auðkenndir með sömu bókstöfum og í lýsingunni hér á eftir. Sjá einnig skýringar á táknum í töflum á bls. 52.

**Sortukorn (A).** Hér er átt við kolsvört, ógegnsæ korn. Stofninn er hinn sami og í orðunum sorti, sortulyng og sorta, sem merkir svart litunarefni. Í sumum þessara korna má greina örlítið af plagíóklasi, pýroxeni eða ólivíni, en sé meira af þeim kristöllum en u. þ. b. 5%, fer kornið í flokk F, basalt.

Mörkin milli þessa flokks og flokks B, basískts glers, annars vegar og flokks F, basalts, hins vegar geta verið óljós, en reynt er að hafa þennan flokk sem þrengstan.

Svarta litnum valda málmsteindir t. d. magnetít eða ilmenít, sem nefna mætti "sortusteindir" (e. opaque minerals). Hér er stungið upp á lýsingarorðinu "syrtinginn" sem þýðingu á enska orðinu "opaque". Þessi korn geta verið úr basaltgjalli, bólstrabergi eða gjósku.

Basískt gler (B). Í þessum flokki eru glerkorn, sem hafa ljósbrot hærra en 1,55, þ. e. hærra en plastið, sem kornin eru steipt í í þunnsneiðinni, en það hefur einmitt ljósbrotið 1,55. Þau eru oftast ljósbrún, dökkbrún eða grængul að lit og oft eru í glerinu frumsteindir (plagíóklas, pýroxen eða ólivín). Jafnvel getur meiri hluti kornsins verið steindir, sem virðast eins og "fljóta" í gleri.

Mörkin milli þessa flokks og flokks A fara eftir því, hvort liturinn er kolsvartur eða dökkbrúnn. Kolsvart korn fer í flokk A, en dökkbrúnt korn eða korn, sem er að hluta kolsvart, en annars staðar brúnt, fer í flokk B. Mörkin við flokk F, basalt, geta stundum verið óljós. Reglan er sú, að korn úr brúnu, ljósbrúnu eða grængulu gleri, sem inniheldur allt að 90% steindir, er talið til flokks B. Ef glerið er hins vegar dökkbrúnt, gildir sú regla, að kornið fer í flokk B, ef meira en helmingur er dökkbrúnt gler, en ef meira en helmingur er frumsteindir, fer kornið í flokk F.

Kornin í þessum flokki eru að uppruna til að langmestu leyti komin úr basaltgjósku, en að einhverju leyti úr bólstrabergi, svörtu basaltgjalli eða hraunum, einkum yfirborði þeirra.

Súrt gler (C). Hér er átt við glerkorn, sem hafa ljósbrot lægra en eða jafnt og 1,55. Þau eru litlaus, ljósbrún, brún eða dökkgrá að lit og eru oft með steindum, sem virðast eins og "fljóta" í gleri.

Mörkin milli þessa flokks og flokks H, líparíts, eru valin þannig, að kornið telst líparít, ef meira en helmingur þess er kristallar, en sé meira en helmingur þess súrt gler, telst það til flokks C.

Kornin í þessum flokki eru að uppruna að langmestu leyti úr súrri gjósku, en að einhverju leyti úr súru glerkenndu bergi.

Ummyndað gler (D). Í þessum flokki eru korn, sem að uppruna eru gler, en sýna mikil merki ummyndunar í steindir með tvíbroti, þ. e. a. s. hálf t. kornið eða meira er ummyndað, einkum í leirsteindir, t. d. smektít eða klórfít.

Sveipkristallað basalt (E). Aðaleinkenni þessa flokks eru þau, að af steindum í grunnmassa ber mest á fínkristölluðu pýroxeni og e. t. v. plagíóklasi, sem mynda sveipi, sem líkjast frostrósum eða fjaðravöndum. Sé meira en helmingur kornsins svona sveipir, telst það til þessa flokks, en annars telst það til flokks F, basalts.

Að uppruna til er álitid, að berg með þessum einkennum sé myndað við hraða storknun, eins og verður í móbergi og bólstrabergi. Þess má geta, að það er áberandi í nýju hraununum á Kröflusvæðinu (Ásgrímur Guðmundsson 1982, munnlegar upplýsingar).

Basalt (F). Langoftast er hér um að ræða basaltkorn, en vafalaust er í þessum flokki eithvað af andesíti, en erfitt eða ógerlegt getur verið að aðgreina þessar bergtegundir í svo smáum kornum. Hér er reynt að ná til korna, sem komin eru úr bergi, sem storknað hefur sem hraun eða innskot (gangar o. þ. h.). Að útliti til er þetta fjölbreyttur flokkur. Allar tegundir kristöllumar koma fyrir og einnig korn, sem í er töluvert af gleri, einkum svörtu eða dökkbrúnu. Mörkin milli þessa flokks og flokka A, B, E og G geta verið óljós.

Ummyndað basalt (G). Í þennan flokk fara ummynduð korn af basalti og andesíti. Þá eru merki um ummyndun greinileg í grunnmassa og einnig í dflum (fenókristöllum). Oft sjást ummyndunarsteindir í holum. Mörkin milli þessa flokks og flokka D og F eru oft ógreinileg.

Líparít (H). Hér eru talin korn úr súru bergi. Mörkin milli þessa flokks og flokks C súrs glers eru valin þannig, að sé meira en helmingur korns steindir telst það til þessa flokks, annars til flokks C.

Setberg (I). Í þessum flokki eru korn, sem virðast samlið

úr smærri kornum, oft að uppruna til móbergssambreyskja.

Plagíóklas (J), pýroxen (K) og ólivín (L). Þessar steindir eru nefndar einu nafni frumsteindir. Hér eru talin korn, sem mynduð eru af einum eða fleiri kristöllum sömu tegundar og ættaðir eru úr bergkviku. Greiningin er í samræmi við almenna skilgreiningu á þessum steindum. Þar sem greiningunni er ætlað að veita upplýsingar um uppruna efnisins, eru kristallar af þessu tagi með áföstum smábrotum úr basísku eða súru gleri taldir með flokki B eða C. Sömuleiðis eru kristallar þessara tegunda með áföstu svörtu efni taldir til flokks F.

Kvars (M), seólítar og analsím (N), kalsít (O), epídót ( og prenfít (Q). Þessar steindir, aðrar en kvars, eru einu nafni nefndar ummyndunarsteindir. Hér eru talin korn, sem verða til við ummyndun bergs og koma einkum fyrir sem holu- og sprungufyllingar, en kvars gæti þó verið komið úr súrri bergkviku. Kalsít af lífrænum uppruna (skeljabrot) er einnig talið hér.

Bergmolar eru korn, sem að uppruna eru brot úr föstu bergi. Hér á eftir er það heiti notað sem samheiti yfir eftirtalda bergflokka: sveipkristallað basalt (E), basalt (F), ummyndað basalt (G), líparít (H), setberg (I), kvars (M), seólíta og analsím (N), kalsít (O), epídót (P) og prenfít (Q).


### 3 BERGFLOKKAR OG EÐLISMASSI SVIFAURS Á EINSTÖKUM TÖKUSTÖÐUM

Á mynd 1 eru tökustaðir þeirra sýna, sem fjallað er um í þessari skýrslu, merktir inn á Íslandskort. Bergflokka- greiningar og eðlismassamælingar hafa enn ekki verið gerðar á svifaur úr ám á Vesturlandi. Lítið hefur verið tekið þar af svifaurssýnum, en þau eru flest úr Hvítá í Borgarfirði við Kljáfoss. Samt er aur, sem til er úr sýnum þaðan, ekki nægilega mikill enn, til að unnt sé að mæla eðlismassa hans.

Á myndum 2 - 5, 7 - 8 og 11 - 18 er sýnt, hvaða munur er á bergflokum og eðlismassa eftir kornastærðum. Fyrirmynd að þessari uppsetningu er sótt til Paul E. Potter (1978). Til einföldunar er nokkrum flokkum, sem aðgreindir eru í töflu 1, slegið saman á myndunum: Frumsteindir eru plagíóklas (J), pýroxen (K) og ólivín (L). Ummyndunarsteindir eru seólítar og analsím (N), kalsít (O), epídót (P) og prenít (Q). Bergmolar eru sveipkristallað basalt (E), basalt (F), ummyndað basalt (G), líparít (H), setberg (I), kvars (M) og ummyndunarsteindir. Í svigunum eru þeir bókstafir, sem eru yfir dálkum þessara flokka í töflum 1 - 3.

Á mynd 2 eru yfirlit yfir bergflokka og eðlismassa svifaurs í Blöndu og Jökulsá vestari. Eðlismassi svifaurs í Blöndu er í herra lagi, en meðaleðlismassi svifaurs hér á landi er nálægt 2,8. Eðlismassi svifaurs í Jökulsá vestari er hærri en í nokkurri annarri á, sem mæld hefur verið til þessa. Ástæðan er væntanlega sú, að í Jökulsá vestari er hlutfallslega meira af eðlisþungum bergmolum í svifaur en í öðrum ám, þar sem svifaur hefur verið bergflokkgreindur. Þessir bergmolar eru nærri eingöngu basalt og sveipkristallað basalt, sjá töflu 1. Hlutfall bergmola í svifaur Blöndu er líka fremur hátt.

Á mynd 2 má einnig sjá, að hlutfallslega mest er af fersku gleri (basísku og súru gleri) á kornastærðarbilinu 0,06 - 0,2 mm, og er þessu svo farið á flestum tökustöðum. Alltaf er hlutfallslega meira af frumsteindum eftir því sem kornin eru fínni, eins og við er að búast, því að þær eru komnar bæði úr gleri (gjósku) og bergi, sem hefur molnað niður. Á nærri öllum tökustöðum ber meira á bergmolum eftir því sem kornin verða stærri. Það má skýra þannig, að bergmolararnir eru upprunnir úr heilu, föstu bergi, en glerið úr



SKÝRING:  
 ● Sýnatökustaður

# SÝNATÖKUSTAÐIR




4

VOD-UR-990-SVP  
82.12. 1505-1S

BERGFLOKKAR OG EDLISMASSI SVIFAURS

Mynd. 2





gjósku, sem er þegar í upphafi tiltölulega smákornótt, og auk þess molna glerkornin meira við veðrun og flutning í ánum en bergmolarnir.

Á mynd 3 eru yfirlit yfir bergflokka og eðlismassa svifaurs úr Jökulsá á Fjöllum við Grímsstaði og Upptyppinga og úr Kreppu. Mjög lítið er af súru gleri í Jökulsá, svo að það er ekki aðgreint á myndinni, en í Kreppu gætir þess meira, einkum í grófasta kornastærðarflokknum. Hér gætir hugsanlega áhrifa Öskjugossins 1875. Ummýndað gler er heldur ekki aðgreint á þessari mynd, en flokkað með bergmolum, af því að svo lítið er af því, sjá töflu 1.


Athyglisverðast á þessari mynd er það, að í Jökulsá á Fjöllum við Upptyppinga er hlutfallslega miklu minna af bergmolum í grófari hluta svifaursins en í þeim fínni, og er þetta eini sýnatökustaðurinn, sem bergmolum fer greinilega fækkandi með aukinni kornastærð. Samkvæmt mælingum á magni og kornastærð svifaurs er margfalt minna af grófasta hlutanum,  $>0,2$  mm, í sýnum úr Jökulsá á Fjöllum við Upptyppinga en úr sömu á við Grímsstaði og úr Kreppu (Haukur Tómasson o. fl. 1982). Eins og sést á mynd 3 ná bergflokkagreiningar og eðlismassamælingar á sýnum úr Jökulsá á Fjöllum við Upptyppinga ekki til eins grófra korna og á sýnum frá hinum stöðunum tveimur.

Sýni tekin við Grímsstaði eru nær öll S1- eða S2-sýni, þ. e. a. s. tekin af brúnni, en þau, sem tekin eru við Upptyppinga og úr Kreppu, eru eingöngu S3-sýni, þ. e. a. s. tekin við bakka, sjá skýringar við töflur. Miklu máli skiptir, að sýnatökustaðir séu valdir þannig, að þar sé aurinn vel upphræður. Sérstaklega geta góðir sýnatökustaðir verið vandfundnir, ef ekki verður öðru við komið en að taka sýnin rétt við árbakka. Það, sem hér hefur verið rakið, gæti bent til þess, að aur væri illa upphræður á sýnatökustaðnum í Jökulsá við Upptyppinga. Þegar leitað var á lits Sigurjóns Rists, taldi hann staðinn nærri ónot hæfan til svifaurskýnatöku, vegna þess að aurinn væri þar illa upphræður. Hann lét þess ennfremur getið, að hann hefði hug á, að sýnataka yrði hafin á öðrum stað í Jökulsá, annaðhvort við gljúfrið hjá Svartá, en þar rennur áin í stökk, eða niður undir Herðubreiðarlindum, þar sem áin rennur í þrengslum, og er hún vel upphræð á báðum stöðum. Að sjálfsögðu þyrfti til samanburðar að halda sýnatöku á gamla staðnum áfram um tíma, eftir að hún hæfist á nýja tökustaðnum.

VOD-UR-990-SvP  
82.12.1506-1S

### BERGFLOKKAR OG EÐLISMASSI SVIFAURS

Mynd 3



Það, sem hér hefur verið dregið á, bendir til, að hið lága hlutfall bergmola í grófasta hluta svifaursins í sýnum úr Jökulsá á Fjöllum við Upptýppinga stafi a. m. k. að hluta til af því, að sýnin innihaldi óeðlilega lítið af grófum aur, sem rekja mætti til þess, að aurinn sé illa upphræður á tókustaðnum. En vegna hærri eðlismassa hljóta bergmolarnir frekar að berast með botninum en glerkornin.

Á mynd 4 eru yfirlit yfir bergflokka svifaurs úr þremur ám á Austurlandi, Jökulsá á Dal, Jökulsá í Fljótisdal og Jökulsá í Lóni. Eðlismassi var mældur á svifaur tveggja hinna fyrsttöldu, en of lítið efni var til úr Jökulsá í Lóni til slíkra mælinga.

Svifaur úr Jökulsá í Fljótisdal og Jökulsá í Lóni er hlutfallslega miklu ríkari af ummynduðu gleri og öðrum ummyndunarsteindum en annar svifaur, sem var greindur í bergflokka, svo að kvars og ummyndunarsteindir eru aðgreindar frá öðrum bergmolum á myndinni. Það kemur heim við það, að á vatnasviðum þeirra mun vera meira af gömlu ummynduðu bergi en annars staðar á landinu. Jökulsá í Lóni á líka metið í hlutfallslegu magni líparíts í svifaur, enda er mikið af súru bergi á vatnasviði hennar. Talsvert er af súru gleri í Jökulsá í Fljótisdal og Jökulsá í Lóni. Það gæti verið komið úr súru bergi, en einnig gæti hugsast, að aska úr Öræfajökulsgosinu 1362 væri enn að berast fram (Sigurður Þórarinnsson 1958). En aska, sem fellur á jökul er væntanlega lengi að skila sér í árnar.


Þessar tvær ár, Jökulsá í Fljótisdal og Jökulsá í Lóni, hafa einnig þá sérstöðu meðal þeirra vatnsfalla, sem fjallað er um í þessari skýrslu, að svifaur þeirra inniheldur hlutfallslega minnst af basísku gleri þeirra allra, og þá sérstaklega Jökulsá í Lóni.

Athugunum á bergflokku svifaurs í Skeiðará og Gígjukvísl hefur verið hagað á annan hátt en tilsvarendi athugunum á svifaur úr öðrum ám. Svifaur hefur ekki verið safnað saman úr mörgum sýnum til að mæla síðan eðlismassa hans og greina hann í bergflokka, heldur hefur svifaur úr mörgum einstökum sýnum verið greindur í bergflokka og eðlismassi nokkurra þeirra mældur, sjá töflu 1. Langoftast hefur verið látið nægja að greina korn af stærðinni 0,02 - 0,1 mm. Þetta var gert til að sjá, hvort einhverjar breytingar yrðu á hlutföllum bergflokka í Grímsvatnahlaupum. Slíkar breytingar eru ekki sýnilegar á svifaur í Gígjukvísl í hlaupunum 1972

VOD-UR-990-SvP  
82.12.1507-1S

Mynd 4

BERGFLOKKAR OG EDLISMASSI SVIFAURS



og 1976, en sýni úr þeirri á í Grímsvatnahlaupinu 1982 hafa ekki verið greind í bergflokka, en þessa hlaups gætti mjög lítið í Gígjukvísl. Ekki eru til nein sýni úr Gígjukvísl frá því fyrir hlaupið 1972.

Miklu fleiri sýni hafa verið bergflokkagreind úr Skeiðará en Gígjukvísl, sjá töflu 1. Á myndum 5, 7 og 8 eru yfirlit yfir bergflokka sýna úr Skeiðará. Mjög lítið er hlutfallslega af súru gleri, einkum í sýnum úr Grímsvatnahlaupum, svo að það er ekki aðgreint á þessum myndum, heldur sett í flokk með basísku gleri. Sá flokkur er nefndur ferskt gler í textanum hér á eftir til einföldunar.

Á mynd 5 eru yfirlit yfir bergflokka fimm sýna, sem tekin voru úr Skeiðará í hlaupinu 1972. Þar sést, að hlutur fersks glers fer vaxandi, en bergmola minnkandi, þegar líður á hlaupið. Það bendir til þess, að framan af hlaupinu sé aurinn að miklu leyti kominn úr botnlögum og undirlagi Skeiðarárjökuls, en þegar á hlaupið líður, sé svifaurinn að verulegu leyti kominn innan af Grímsvatnasvæði (Haukur Tómasson o. fl. 1974). Þessi skoðun fær frekari stuðning á mynd 6, en þar er sýnt, hvernig hlutfallið ferskt gler (B+C) / basalt (E+F+G), hefur verið frá degi til dags í svifaur 0,06 - 0,1 mm í þremur síðustu Skeiðarárhlaupum.

Á mynd 7 eru yfirlit yfir bergflokka og eðlismassa sýna af aur í jökulís, aur í grunnstingli og svifaur í Skeiðará við Útfall í hlaupinu 1972. Ekki er verulegur munur á bergflokki og eðlismassa þessara sýna.


Á mynd 8 eru bornar saman niðurstöður bergflokkagreininga á samtals 46 sýnum úr Skeiðará. Þessi sýni eru úr þremur Grímsvatnahlaupum, 1972, 1976 og 1982, og tímabilunum á milli þeirra. Sýnin úr hlaupinu 1972 voru tekin á nokkrum stöðum í Skeiðará, frá brúarstæði upp að Útfalli, en þá voru tekin fá sýni á hverjum tókustað. Þessi níu sýni úr hlaupinu 1972 voru tekin sinn daginn hvert. Hin sýnin voru öll tekin við Skeiðarárbrú. Hér hafa aðeins verið greindir tveir kornastærðarflokkar, 0,02 - 0,06 og 0,06 - 0,1 mm, og eru meðaltöl greininga fínna flokksins vinstra megin á stöplunum, en grófari flokksins hægra megin. Þar sést, að hlutfallslega meira er af gleri, en minna af bergmolum í þeim sýnum, sem tekin hafa verið í hlaupum en á tímabilunum á milli hlaupa.


Á myndum 9 og 10 er sýnt, hvernig hlutfallið basískt gler /

VOD-JR-990-SvP  
82.12.1508-IS

Mynd 5

BERGFLOKKAR SVIFAURS






VOD-UR-990-SVP  
82.12.1509-IS

Mynd 7

### BERGFLOKKAR OG EÐLISMASSI AURS

Skeiðará útfall



Eðlismassi

Kornastærð




VOD-UR-990-SvP  
82.12.1510-15

### BERGFLOKKAR SVIFAURS ÍSKEIÐARÁ

Mynd 8

Vinstra megin á stöplunum 0,02-0,06mm, hægra megin 0,06-0,1mm



súrt gler í svifaur úr Skeiðará hækkar í hlaupum. Sérstaklega er þetta áberandi í tveimur sýnum, sem tekin voru 26. mars 1972. Þá jókst svifaur skyndilega mjög mikið tveimur dögum eftir að hlaupið var í hámarki. Í þessum sýnum var um 90% svifaurs af kornastærð 0,02 - 0,1 mm basískt gler með sama ljósbroti og er í Grímsvatnaösku (Haukur Tómasson o. fl. 1974 og 1981). Þessi toppur kemur einnig mjög greinilega fram á mynd 6, bæði 26. og 27. mars. Ekki vantaði mikið á, að svifaurinn í sýnunum frá 26. mars væri eins ríkur af basísku gleri og hrein Grímsvatnaaska, sjá niðurstöður bergflokkagreininga á sýni af Grímsvatnaösku í töflu 3 (í viðauka). Annaðhvort hefur þá orðið smágos í Grímsvötnum, sem hefur ekki náð að brjótast upp úr jöklinum, eða hlaupvatnið hefur verið að rjúfa mikinn stafla af ferskri ösku. Rétt er að taka fram, að hlutföllin á myndum 9 og 10 eru reiknuð beint út frá fjölda berggreindra korna í hvorum flokki, en ekki út frá prósentutölunum í töflu 1.

Þessar athuganir á bergflokkum svifaurssýna úr Skeiðará leiða í ljós, að í Skeiðarárhlaupum er svifaur af kornastærðinni 0,02 - 0,1 mm tiltölulega ríkari af basísku gleri og snauðari af súru gleri en á tímabilunum á milli hlaupa. Þetta þarf ekki að koma á óvart, því að hlaupvatnið er komið frá mjög virkri, basískri eldstöð undir jökli, en sýni úr aurtoppnum í hlaupinu 1972 hafa þá sérstöðu að vera nærri eins rík af basísku gleri og Grímsvatnaaska.


Á mynd 11 eru yfirlit yfir bergflokka og eðlismassa svifaurs úr Djúpá í Fljótshverfi og Hverfisfljóti. Athygli vekur, að mikið er af súru gleri og talsvert af líparíti í svifaur Djúpár. Reyndar er ekkert þeirra vatnsfalla, sem fjallað er um í þessari skýrslu, með eins hátt hlutfall af súru gleri í svifaur sínum og Djúpá. Þetta súra efni er væntanlega komið undan jökli, en trúlega er þar töluvert af súru bergi, því að sker, sem standa upp úr jöklinum innan við upptök árinnar, Pálsfjall, Geirvörtur og Þórðarhyrna, eru úr þess konar bergi (Guðmundur Kjartansson 1962). Bergið í tveimur fyrsttöldu skerjunum a. m. k. er mjög glerkennt (Arne Noe-Nygaard 1952). Á Þórðarhyrnusvæðinu mun vera lítt þekkt megineldstöð, sem oft hefur gosið á sögulegum tíma (Haukur Jóhannesson 1983).

Svifaur í Hverfisfljóti er ríkur af fersku gleri, einkum basísku, enda er vatnasvið þess á eldvirku svæði. Lítið er af ummynduðu gleri í báðum þessum ám, sjá töflu 1, og er það ekki aðgreint sérstaklega, heldur talið með bergmolum.

VOD-UR-990-SV  
82.12.1520-IS

Mynd 9

SKEIÐARÁ  
Basískt gler / súrt gler í svifaur 0,02-0,06mm






VOD-UR-990-SV  
82.12.1522-IS

Mynd 10


**SKEIÐARÁ**  
Basískt gler/súrt gler í svifaur 0,06-0,1 mm



1 E VOD-UR-990-SvP  
82.12.1511-IS

Mynd II

### BERGFLOKKAR OG EÐLISMASSI SVIFAURS



Á mynd 12 eru yfirlit yfir bergflokka og eðlismassa svif-  
aurs frá þremur tókustöðum á vatnasviði Skaftár, Skaftá við  
Kirkjubæjarklaustur og Skaftárdal og Ása-Eldvatni við Ása.  
Af súru gleri er mjög lítið, sjá töflu 1, svo að það er  
ekki aðgreint á myndinni. Niðurstöður eðlismassamælinga og  
bergflokkagreininga frá þessum þremur stöðum eru mjög lík-  
ar, eins og við er að búast. Svifaurinn er 75 - 80% ferskt  
gler, enda er vatnasviðið á eldvirku svæði. Líklegra er,  
að meira af glerinu sé upprunnið úr Grímsvötnum og frá  
Veiðivatna- og Vatnaöldusvæðinu en úr Kötlu; til þess bend-  
ir m. a. að hlutur sortukorna er verulega minni en í ám,  
sem koma undan Mýrdalsjökli, sjá síðar.

Fáein sýni úr Skaftárhlaupum hafa verið greind í bergflokka  
og eðlismassi þeirra mældur. Eru það eingöngu sýni af  
kornastærðinni 0,02 - 0,06 mm. Þessar athuganir benda ekki  
til, að svifaur af þessari kornastærð sé neitt öðruvísi í  
hlaupum en á milli hlaupa.

Á mynd 13 eru yfirlit yfir bergflokka og eðlismassa svif-  
aurs í Hólmsá og Skálm. Í Hólmsá er talsvert af súru  
gleri og líparíti, enda nær efsti hluti vatnasviðs hennar  
inn á Torfajökulssvæðið, en þar er, eins og kunnugt er,  
mikið af súru bergi. Lítið er af ummynduðu gleri í Hólmsá  
og er það ekki aðgreint á myndinni, heldur talið með berg-  
molum.

Í Skálm er lítið af súru og nær ekkert af ummynduðu gleri,  
sjá töflu 1, svo að allt gler er sett í einn flokk á mynd-  
inni. Svifaur í Skálm er mjög glerríkur, enda er vatnasvið-  
ið í nágrenni við eina virkustu gjóskueldstöð landsins,  
Kötlu.


Svifaur í Hólmsá og Skálm er það sameiginlegt, að allmikið  
er af sortukornum, sjá nánar síðar.

Á mynd 14 eru yfirlit yfir bergflokka og eðlismassa svif-  
aurs í Múlakvísl og Jökulsá á Sólheimasandi. Áberandi er á  
þessari mynd, hve mikið er af sortukornum, og hið sama má  
segja um Markarfljót, sjá mynd 15. Þessar þrjár ár eiga  
það sameiginlegt, að koma að miklu eða öllu leyti undan  
Mýrdalsjökli. Þetta kemur heim við það, að gjóska úr Kötlu  
er tiltölulega ilmenftrík, en ilmenít er einmitt syrtið  
(svart og ógegnsætt) í þunnsneið (Friðrik Daníelsson o. fl.  
1978), og berg úr eldstöðvakerfi Kötlu er tftanríkara en  
annars staðar gerist hér á landi (Sveinn Peter Jakobsson

VOD-UR-990-SvP  
82.12.1512-1S

Mynd 12


### BERGFLOKKAR OG EÐLISMASSI SVIFAURS



1-1 VOD-UR-990-SvP  
82.12.1513-1S

Mynd 13

BERGFLOKKAR OG EDLISMASSI SVIFAURS






VOD-UR-990-SVP  
82.12.1514-IS

Mynd 14

### BERGFLOKKAR OG EÐLISMASSI SVIFAURS



1979). Einnig kynni að vera, að hluti svörtu kornanna sé kominn úr móbergsgleri við jökulrof.

Múlakvísl og Jökulsá á Sólheimasandi eru ríkar af ummynduðu gleri en algengt er í þessum landshluta. Það kann að stafa af því, að á vatnasviðum þeirra undir jökli séu háhitasvæði, en brennisteinsþefur, sem oftast leggur af Jökulsá og stöku sinnum af Múlakvísl, bendir til þess.

Talsvert er af súru gleri í Múlakvísl. Það kann að stafa af því, að stundum er súrt gler í Kötlugjósku (Guðrún Larsen 1978).

Á mynd 15 eru yfirlit yfir bergflokka svifaurs úr Markarfljóti og Ytri-Rangá og eðlismassa svifaurs úr Markarfljóti. Ekki var nóg til af efni úr Ytri-Rangá, svo að unnt væri að mæla eðlismassa. Í Markarfljóti er óvenju mikið af sortukornum, eins og áður er nefnt, og í báðum er talsvert af súru gleri, enda nær vatnasvið Markarfljóts inn á Torfajökulssvæðið og upptakasvæði Ytri-Rangár er þakið þykkum vikurlögum frá Heklu.


Ummyndað gler er heldur í meira lagi í Markarfljóti, enda nær vatnasvið þess inn á eitt mesta háhitasvæði landsins, Torfajökulssvæðið, eins og áður er nefnt.

Á mynd 16 eru yfirlit yfir bergflokka svifaurs frá þremur tókustöðum í Þjórsá og eðlismassa frá tveimur þessara staða. Ekki er mikill munur á bergflokkum á þessum stöðum, nema hvað hlutfallslega meira er af ummynduðu gleri í Þjórsá við Fitjaskóga (ofan ármóta Tungnár og Þjórsár) en á hinum tveimur tókustöðunum. Það má skýra þannig, að neðan ármóta Þjórsár og Tungnár var á þessum tíma meira en helmingur svifaurs í Þjórsá kominn úr Tungná (Haukur Tómasson 1982), og svifaur í Tungná og Köldukvísl er að litlu leyti ummyndað gler, sjá mynd 17. Þess vegna verður ummyndað gler tiltölulega minni hluti svifaursins í Þjórsá neðan ármótanna en ofan þeirra. Það, að Tungná er með hlutfallslega minna af ummynduðu gleri en Þjórsá ofan ármótanna, stafar af því, að vatnasvið Tungnár er á eystra gosbeltinu og gjóska úr Vatnaöldum og Veiðivötnum á greiða leið í ána. Vatnasvið Þjórsár er hins vegar að mestu utan gosbeltisins, og bæði er berggrunnur þess eldri og nær auk þess inn á mikið háhitasvæði, Kerlingarfjallasvæðið. Hluttur ummyndaðs glers í svifaur Þjórsár við Fitjaskóga er raunar svo hár, að aðeins Jökulsá í Fljótsdal og Jökulsá í

VOD-UR-990-SvP  
82.12.1515-IS

Mynd 15


### BERGFLOKKAR OG EÐLISMASSI SVIFAURS



15 VOD-UR-990-SvP  
82.12.1516-IS

Mynd 16

BERGFLOKKAR OG EÐLISMASSI SVIFAURS



Lóni eru með hlutfallslega meira af því.

Talsvert er af súru gleri og dálftið af líparíti í svifaur Þjórsár, enda er mikið af gjósku úr Heklu á vatnasviðinu, og í flestum súru gjóskugosum hennar hefur gjóskumökkurinn haft norðlæga stefnu (Guðrún Larsen & Sigurður Þórarinsson 1978). Hluti af Kerlingarfjallasvæðinu, sem er mjög auðugt af líparíti, er á vatnasviðinu. Auk þess má minna á, að undir Hofsjökli er megineldstöð (Kristján Sæmundsson 1978) og sunnan undir Hofsjökli finnst líparít (Guðmundur Kjartansson 1965).


Á mynd 17 eru yfirlit yfir bergflokka og eðlismassa svifaur frá tveimur tókustöðum í Tungná og bergflokka frá einum tókustað í Köldukvísl. Athygli skal vakin á því, að sýnin úr Köldukvísl voru tekin fyrir þann tíma, er hún var stífluð og veitt í Þórisvatn. Ekki er mikill munur á hlutföllum bergflokka á þessum tókustöðum. Á þeim öllum er tiltölulega mikið af gleri, enda eru vatnasviðin á mjög eldvirku og gjóskuríku svæði.

Á mynd 18 eru yfirlit yfir bergflokka og eðlismassa svifaur frá þremur tókustöðum á vatnasviði Ölfusár, Ölfusá við Selfoss, Hvítá við Iðu og Tungufljóti við Faxa. Á öllum stöðunum er tiltölulega mikið af súru gleri, sérstaklega í Tungufljóti. Tungufljót kemur næst á eftir Djúpá að því er varðar hlut súrs glers í svifaur. Reyndar er í tveimur grófustu kornarstærðarflokkunum hlutfallslega meira af súru gleri í Tungufljóti en Djúpá, þó að miklu minna sé af því í fínni flokkunum. Mikið er af Heklu gjósku á vatnasviðunum, því að í mestu súru gjóskugosum hennar hefur gjóskumökkurinn haft norðlæga stefnu, eins og áður er nefnt. Á vatnasviði Tungufljóts á Haukadalsheiði er mikil jarðvegseyðing af völdum vatns- og vindrofs. Þar eru öskulögin H3 og H4 að meðaltali um 10 og 12 cm þykk hvort um sig (Guttormur Sigbjarnarson 1969). Þessi léttgjóska á greiða leið með leysingavatni og í miklum rigningum í Fljótsbotna, sem eru aðallindaupptök Tungufljóts (Guttormur Sigbjarnarson 1983, munnlegar upplýsingar).

VOD-UR-990-SvP  
82.12.1517-1S

Mynd 17


### BERGFLOKKAR OG EÐLISMASSI SVIFAURS



15 VDD-UR-990-SvP  
82.12.1518-IS

Mynd 18

BERGFLOKKAR OG EÐLISMASSI SVIFAURS



#### 4 BERGFLOKKAR OG EÐLISMASSI BOTNEFNIS ÚR ÁRÓSUM

Í töflu 2 eru niðurstöður bergflokkagreininga og eðlismassamælinga á sýnum af botnefni, sem tekin voru úr ósum nju helstu vatnsfalla á Suðurlandi frá Ölfusá austur að Múlakvísl árið 1976, sjá mynd 1. Þessar athuganir ná aðeins yfir tvo kornastærðarflokka, 0,21 - 0,42 og 0,42 - 0,85 mm. Einnig má minna á, að þær ná aðeins til mjög fárra (2 - 7), stundum mjög ólíkra sýna, svo að niðurstöðum af þessum athugunum ber að taka með mikilli varúð.

Á mynd 19 eru yfirlit yfir meðaltöl bergflokkagreininga á þessum sýnum frá hverjum ósi fyrir sig. Meðaltöl greininga fínni flokksins eru vinstra megin á stöplunum, en grófari flokksins hægra megin.

Séu bergflokkar þessara botnefnasýna úr ósunum, mynd 19, bornir saman við bergflokka sömu kornastærðarflokka svifaurssýna, myndir 14, 15, 16 og 18, frá næsta sýnatökustað í viðkomandi á, kemur í ljós, að þeir eru í meginatriðum mjög líkir. Helst er um mun að ræða á þeim flokkum, sem minnst er af, eins og síru gleri, frumsteindum, sortukornum og ummynduðu gleri. Yfirleitt er ekki um að ræða, að sá munur sé hliðstæður fyrir flest eða öll vatnsföllin, nema helst að minna er af sortukornum í ósum Markarfljóts, Jökulsár á Sólheimasandi og Múlakvíslar en í svifaur á svifaurssýnatökustöðum þessara vatnsfalla.

